Höfnun vöru

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1. Undirbúningur fyrir höfnun vöru	Hitaskráning í geymslu	1. Ákvörðun um væntanlega höfnun skal tekin af eftirlitsmönnum og fagsviðsstjórum Inn- og útflutningsdeildar. Í vafaatriðum skal leita álits deildarstjóra og, eða lögfræðinga MAST. Vara skal geymd í viðeigandi geymslu á landamæraeftirlitsstöð MAST skv. leiðbeiningum (**LBE-030**) og hitastig skráð (**EBL-046**) á geymslutímanum. MAST skráir vöruna í tilkynningakerfið TRACES hafi hún ekki verið skráð þar af innflytjanda /miðlara. Skjöl eru vistuð skv. lið 8.1.
2. Tilkynning um væntanlega höfnun	Tilkynning til innflytjanda	2. Mál um höfnunina er stofnað í ONE með viðeigandi sniðmáti. **Starfsmaður** sendir innflytjanda tölvupóst úr málakerfi MAST með því að sækja viðeigandi staðlaðan texta um væntanlega höfnun vöru úr málakerfinu, sbr. eftirfarandi skref: ➢ Vera í málinu: ➢ Velja „Nýr tölvupóstur". Þá opnast tölvupósturinn. Opna OneCRM í tölvupóstinum Sækja staðlaðan texta „Inn- og útflutningsdeild" Texti í efnislínu; Tilkynning um væntanlega höfnun innflutnings ➢ Viðeigandi breytingar gerðar á texta þar sem ástæða höfnunar er tilgreind Málið skal einnig skráð í Excel-skjal; "LOCAL_REF_NO" (undir flipanum „Hafnanir") sem vistað er á sameiginlegu skýi (my sharepoint.com). Tilkynning til innflytjanda og önnur skjöl eru vistuð skv. lið 8.1. Starfsmaður skráir 7 daga andmælafrest með áminningu íí „Outlook-Calendar" eftir að tilkynning er send.
3. Ákvörðun um höfnun	Höfnunarbréf til innflytjanda	3. Innflytjandi hefur 7 daga andmælafrest frá tilkynningu MAST um fyrirhugaða höfnun vöru. Að loknum andmælafresti sendir starfsmaður höfnunarbréf í tölvupósti til innflytjanda. Flutningsaðili/ miðlari og Tollur eru hafðir í cc. Fylgt er sama verklagi og í lið 2, nema nú verður texti í efnislínu; Höfnun innflutnings og staðlaðaður texti er sóttur úr málakerfinu og viðeigandi breytingar gerðar á texta. Höfnunarbréfið er vistað skv. lið 8.1. Starfsmaður skráir 60 daga ráðstöfunarfrest með áminningu í „Outlook-Calendarr" frá staðfestri höfnun vöru.
4. Ráðstöfun vöru	Tilkynning frá innflytjanda / flutningafyrirtæki	4. Velji innflytjandi að endursenda vöruna til upprunalands eða annars 3ja ríkis hefur hann 60 daga til að ráðstafa vöru eftir að ákvörðun hefur verið tekin um höfnun vöru (frá tilkynningu um höfnun vöru, sbr. 69. gr. í reglugerð EB 2017/625 - OCR). Innflytjandi (ábyrgðaraðili vörunnar) eða flutningsaðili skal senda staðfestingu á endur útflutningi til MAST. Tilkynningin er vistuð skv. lið 8.1.
5. Undirbúningur förgunar	Tilkynning um förgun vöru	5. Sé endursending óframkvæmanleg, innflytjandi samþykkir förgun, eða viðmiðunartímabil liðið (60 dagar), skal undirbúa förgun vöru í samráði við Tollayfirvöld. Tilkynning um förgun vöru (**EBL-107**) er fyllt út og send á Tollayfirvöld (netfang: skjalabeidni@skattur.is) og afrit sent á ábyrgðarmann sendingar/ innflytjanda. EBL-107 er vistað skv. lið 8.1.
6. Förgun vöru	Kvittun fyrir förgun vöru	6. Vöru skal fargað á næsta förgunarstöð sem tilgreind er hjá viðkomandi landamæraeftirlitsstöð (**LBE-030**). **Eftirlitsmaður** sér til þess að vöru sé fargað í samráði við fulltrúa Tolls til að tryggja niðurfellingu gjalda. MAST skal fá kvittun frá förgunarstöð, með rekjanlegum upplýsingum um vöruna (eigandi, tegund og þyngd vöru). Kvittun fyrir förgun vöru er vistuð skv. lið 8.1.
7. Kostnaður	Verkskráning	7. MAST greiðir kostnað vegna förgunar (annan en kostnað Tolls), sem skal skrá á Verkskráningareyðublað (**EBL-072**), og síðan innheimt hjá innflytjanda skv. (**VLY-012**). EBL-073 er vistað skv. lið 8.1.
8. Skjalavinnsla	Ógilt CHED og fylgiskjöl	8. Ógilda skal heilbrigðisvottorð og CHED (**LBE-027**) með vörunni, með því að stimpla Ógilt (Rejected) á skjölin. Höfnunina skal skrá í rafræna gagnagrunninn TRACES (**LBE-028**). Vistun skjala: a) **Afrit** - vistað í möppu merkt Afrit CVED, viðkomandi landamæraeftirlitsstöð og ártali (**SKRA-077**). b) **Frumrit** - vistað ásamt öllum fylgiskjölum í möppu merkt CVED og fylgiskjöl, viðkomandi landamæraeftirlitsstöð og ártali (**SKRA-078**) c) **Rafræn skjöl** vistuð undir málinu í One-crm (**SKRA-089**) Afrit af verkskráningu (**EBL-073**) vegna höfnunar er sett í möppu merkt **Skoðunargjald v-CHED og ártali** (**SKRA-051**). Möppurnar eru geymdar á Inn- og útflutningsdeild.